



ATHUGASEMDIR VIÐ TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI FYRIR ÍSLENSKA KÍSILFÉLAGIÐ

Umhverfisstofnun auglýsti á tímabilinu 29. maí til 23. júlí 2009, tillögu að starfsleyfi fyrir Íslenska kísilfélagið vegna nýrrar verksmiðju í Helguvík. Umhverfisstofnun sendi auk þess tilkynningar þessa efnis til Íslenska kísilfélagsins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Reykjanesbæjar, Sól-ar á Suðurnesjum, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landverndar og Skipulagsstofnunar. Tvær athugasemdir bárust og hér er gerð grein grein fyrir því hvernig um þær var fjallað hjá stofnuninni.

Kynningarfundur vegna auglýsingar á tillögu að starfsleyfi þessu var haldinn 8. júlí í Duushúsi, Duusgötu 2, í Reykjanesbæ.

Innsendar athugasemdir við auglýst starfsleyfi og viðbrögð Umhverfisstofnunar:

I. Landvernd

- i. Bent er á að ekki er að finna neina fyrirvara í tillögunni varðandi skyldu framkvæmdaraðila að uppfylla lög nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Sérstaklega er gerð athugasemd um að ekki sé vikið að því einu orði að það sé skilyrði fyrir starfsleyfinu að rekstraraðili tryggi sér losunarheimildir vegna útstreymis gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslunni.
 - Starfsleyfið er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
 - Í lögum nr. 65/2007 er sérstakt ferli úthlutunar losunarheimilda og eftirlit með því að starfsemi uppfylli þau ákvæði. Því er um að ræða tvo óháða þætti, mismunandi leyfi og heimildir og ekki rétt að kveða á um tengsl milli þeirra í starfsleyfi.
 - Umhverfisstofnun vill benda á að útgáfa starfsleyfisins gefur rekstraraðila ekki undankomuleið gagnvart öðrum kröfum í öðrum lögum og reglugerðum.
- ii. Því er einnig velt upp hvort ásættanlegt sé að gefa út starfsleyfi fyrir framkvæmd af þessu tagi þegar óvissa ríkir enn um orkuöflun.
 - Umsækjandinn uppfyllir að mati Umhverfisstofnunar lögbundnar kröfur fyrir veitingu starfsleyfis og því er stofnuninni ekki stætt á að ljúka ekki afgreiðslu umsóknarinnar þótt óvissa kunni að vera um mál sem er ekki á gildissviði starfsleyfisins.

II. Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun bendir á að ekki er fjallað um losun gróðurhúsalofttegunda í starfsleyfinu eða hvernig beri að reikna út losun. Skipulagsstofnun telur að slík umfjöllun í starfsleyfi væri eðlileg.

- Sambærilegar athugasemdir komu frá Landvernd. Umhverfisstofnun vísar í svör við þeim hér að framan þar sem fram kemur að stofnunin telur ekki rétt að gera kröfur um þetta í starfsleyfi.